

Ed. 461. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá Ragnari Arnalds.

1. 9. gr. orðist svo:

Ríkisframlag til stofn- og rekstrarkostnaðar er bundið því skilyrði, að viðkomandi sveitarfélag greiði eigi minna af rekstrarkostnaði dagvistunarheimila en nemur rekstrarframlagi ríkisins. Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu skilyrði, þegar um er að ræða þá aðila aðra en sveitarfélög, sem nefndir eru í 3. gr.

2. 4., 5. og 6. mgr. 15. gr. orðist svo:

Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistunarheimila á næstu fjórum árum, eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

Ef framkvæmdaraðili getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistunarstofnana með sölu skuldabréfa eða á annan hátt, er heimilt, að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að hluta ríkissjóðs samkv. 6. gr.

Áætlaður stofnkostnaður dagvistunarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þá staðla, sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, þegar áætlun er gerð, og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.